



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 7. desember 2021
2103521/512.00 GEF

Efni: Nýr Kársnesskóli. Vettvangsferð verkefnateymis til framleiðanda og verktaka.

Í lok nóvember mánaðar fór verkefnateymi sem kemur að uppbyggingu Kársnesskóla í vettvangsferð í höfuðstöðvar framleiðanda og verktaka.

Fyrir hönd Kópavogsbæjar voru eftirfarandi aðilar með í för:

- Ásthildur Helgadóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs.
- Stefán L. Stefánsson, ábyrgðaraðili verkefnisins.
- Nína Baldursdóttir, verkefnastjóri verkefnisins
- Fjalar Hauksson, byggingarstjóri og eftirlitsaðili verkefnisins f.h. verkkaupa.
- Guðrún Edda Finnbogadóttir, lögfræðingur – ráðgjafi verkefnisins.

Tilgangur og markmið ferðarinnar voru margbætt. Í fyrsta lagi að heimsækja verksmiðju Rubner sem sér um framleiðslu CLT eininganna fyrir verkefnið. Í öðru lagi að kynna Kópavogsbæ fyrir eigendum Rizzani de Eccher sem er verktaki verkefnisins sem og að greina yfirmönnum frá verkefnastöðu. Síðast en ekki síst var tilgangur ferðarinnar að bæta samskipti og samvinnu verktaka og verkkaupa við framkvæmd verksins.

Að mati undirritaðrar var ferðin árangursrík og tilgangi hennar náð. Að fá innsýn inn í framleiðslu CLT eininganna hafi aukið traust verkefnisteymisins á framleiðsluhluta verkefnisins. Samtalið við eigendur Rizzani de Eccher bar einnig góðan árangur og er það mat undirritaðrar að vilji verktakans er að skila frá sér góðu verki og bæta samvinnu og samskipti.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Helgadóttir
sviðsstjóri umhverfissviðs